

Fundargerð

Íþróttá- og tómstundanevnd - 247. fundur

haldinn á Skólaskrifstofu,
3. maí 2017 og hófst hann kl. 08:00.

Fundinn sátu:

Karólína Helga Símonardóttir aðalmaður
Guðbjörg Oddný Jónasdóttir aðalmaður
Ægir Örn Sigurgeirsson varamaður
Elísabet Ólafsdóttir áheyrnarfulltrúi

Fundargerð ritaði: Geir Bjarnason, .

Fulltrúi Ungmennaráðs Hafnarfjarðar Eva Rut Reynisdóttir sat fundinn.

Dagskrá:

- 1. 1609620 - Stuðningur við þátttöku barna með fatlanir í íþróttá- og tómstundastarf**
Reglur vegna stuðnings við þátttöku barna með fatlanir í íþróttá- og tómstundastarf lagðar fram til samþykktar.
Verkefnið er tilraunaverkefni og verða reglurnar endurskoðaðar eftir ár. Óskað var eftir álit Foreldraráðs varðandi reglurnar eftir að þeim var breytt vegna fyrra álits Foreldraráðs.
- 2. 1702141 - Þjóðhátíðardagurinn 17. júní 2017**
Lögð fram drög að dagskrá og fyrirkomulagi fyrir hátíðarhöldin 2017.
- 5. 1703542 - Rekstur skíðasvæða Bláfjalla 2016**
Lögð fram skýrsla um rekstur Bláfjallasvæðisins fyrir árið 2016.
Reksturinn hefur gengið vel og innan fjárheimilda.
- 6. 1703553 - Viðhald og rekstrarsamningur Akstursíþróttafélag**
Lagt fram erindi Akstursíþróttafélags Hafnarfjarðar þar sem þeir óska eftir því að hefja viðræðum við Hafnarfjarðarbæ um rekstrarsamning auk þess er óskað eftir aðkomu Hafnarfjarðarbæjar að uppbyggingu og framkvæmdum á íþróttasvæði félagsins.
Lagt fram til kynningar.
- 7. 1704170 - Ályktun Ungmennaráðs UMFÍ 2017**
Lögð fram ályktun Ungmennaráðs UMFÍ frá árinu 2017 en þar segir meðal annars að unga fólkíð vill koma að ákvörðunum sem tengjast málefnum þeirra sjálfra og hlustað sé á raddir þeirra. Bent er m.a. á að unglinga höfðu enga aðkomu að ákvörðunum um breytingar á einkunnarskala samræmdra prófa og styttingu framhaldsskólans.
Nefndin tekur undir ályktun Ungmennaráðs UMFÍ um aðkomu barna og ungs fólks að ákvörðunum er snerta þau sjálf beint.

Í Hafnarfirði er starfandi virkt Ungmennaráð og fulltrúi þess situr alla nefndarfundi Íþrótt- og tómstundanevndar. Auk þess hittir Ungmennaráð bæjarstjórn og ræða þessir aðilar minnst tvisvar á ári saman um þau mál sem helst brenna á hjá unglingum hverju sinni.

9. 1704274 - Tímaúthlutun til ÍBH 2017-2018

Lögð fram tímaúthlutun til Íþróttabandalags Hafnarfjarðar vegna sumars 2017 og vegna vetrar 2017-2018 í íþróttamannvirkjum í Hafnarfirði.

Tímaúthlutun samþykkt.

Skoða þarf leiðir til að meta nýtingu á íþróttamannvirkjum. Íþróttafulltrúa falið að móta verklagsreglur varðandi talningu og nýtingu á íþróttamannvirkjum.

10. 1704457 - Þingboð

Lagt fram þingboð frá ÍBH vegna þings 20. maí.

11. 1704461 - Tímaúthlutun til grunnskóla vegna skólaársins 2017-2018 í íþróttamannvirkjum

Lögð fram tímaúthlutun til grunnskóla bæjarins vegna næsta skólaárs í íþróttamannvirkjum vegna sund- og íþróttakennslu.

Skoða þarf leiðir til að meta nýtingu á íþróttamannvirkjum. Íþróttafulltrúa falið að móta verklagsreglur varðandi talningu og nýtingu á íþróttamannvirkjum.

13. 1608274 - Víðistaðatún, grillhús

Á sumardegnum fyrsta var nýtt grillhús formlega opnað á Víðistaðatúni og geta bæjarbúar og gestir nýtt sér það.

Íþrótt- og tómstundanevnd fagnar hve vel tókst til varðandi grillhúsið en leggur áherslu á að haldið verði áfram að bæta aðstöðu á svæðinu. Hugsa þarf um yngstu kynslóðina og setja upp leikaðstöðu við nýja grillhúsið.

12. 1509776 - Ungmennaráð, fundargerð

Kynnt fundargerð Ungmennaráðs frá 25. apríl sl.

3. 1510105 - ÍBH, fundargerð

Fulltrúi ÍBH kynnti síðustu fundargerð stjórnar ÍBH.

4. 1703541 - Samverustundir og viðhorf til áhættuhegðunar

Lögð fram skýrsla SAMAN-hópsins um gildi samverustunda fjölskyldna og viðhorf foreldra til áhættuhegðunar barna.

8. 1704183 - Vímuefnaneysla ungs fólks í Hafnarfirði 2017

Lögð fram og kynnt skýrsla frá Rannsóknnum og greiningu um vímuefnaneyslu unglunga í Hafnarfirði.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:15.

**Karólína Helga Símonardóttir
(n)
Ægir Örn Sigurgeirsson (sign)**

**Guðbjörg Oddný Jónasdóttir
(sign)
Elísabet Ólafsdóttir (sign)**
